



# Verkalýðsfélag Borgarness

Alþingi

Erindi nr. B 120/1544  
komudagur 17/4 1996

Nefndadeild Alþingis  
Þórshamri v/ Templarasund  
150 Reykjavík

Borgarnesi 15. apríl 1996

**Efni: Frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur, með síðari breytingum.**

Óskað hefur verið umsagnar Verkalýðsfélags Borgarness um ofangreint frumvarp. Svar Verkalýðsfélagsins fylgir hér á eftir:

**Verkalýðsfélag Borgarness krefst þess að frumvarpið verði dregið til baka og aðilum vinnumarkaðarins gefinn kostur á að semja um samskiptareglur sín í milli í frjálsum samningum án íhiutunar stjórnvalda.**

Með frumvarpinu grípur ríkistjórnin með ópolandi hætti inn í viðræður aðila vinnumarkaðsins og rýfur um leið áratuga langa hefð fyrir þríhliða samstarfi stjórnvalda, samtaka launafólks og atvinnurekenda og sátt um samskiptareglur á vinnumarkaði.

Þvert gegn yfirlýsingu félagsmálaráðherra brýtur efni frumvarpsins gegn öllum grundvallarreglum um lýðræði í samskiptum á vinnumarkaði og er gróf íhlotun í innri málefni samtaka launafólks. Ef frumvarpið verður að lögum mun það skerða stórkostlega möguleika félagsmanna í verkalýðshreyfingunni til að hafa áhrif á ákvarðanir um afkomu sína og réttindi. Einnig mun það auka til muna líkur á óróa og átökum á vinnumarkaði.

**Verði frumvarpið ekki dregið til baka gerir Verkalýðsfélag Borgarness eftirfarandi athugasemdir við efni þess:**

1. Ákvæði 1. gr. frumvarpsins um vinnustaðafélög er í andstöðu við skipulag verkalýðshreyfingarinnar og er að mati ASÍ brot gegn ILO samþykkt nr. 87 um félagafrelsi og 11. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Verkalýðsfélag Borgarness leggur því til að þessi grein frumvarpsins verði felld niður. Með öðrum orðum 2. gr. laga um stéttarfélög og vinnudeilur verði óbreytt frá því sem nú er.

2. Í 1. mgr. 2. gr. frumvarpsins er samninganefnd, sem ekki er skilgreind nánar, færð öll völd í samningamálum verkalýðsfélaganna.

Flest eða öll verkalýðsfélög hafa trúnaðarmannaráð sem í sitja kjörnir fulltrúar félagsmanna.

Ef lögfesta á eitthvað um þessi atriði þá er eðlilegt að trúnaðarmannaráð fari með það vald sem samninganefnd er falið samkvæmt frumvarpinu.

3. Í 2.mgr. 2. gr. frumvarpsins er fjallað um atkvæðagreiðslur um kjarasamninga. Ef etthvað á að lögfesta um atkvæðagreiðslur um kjarasamninga ( sem við teljum að sé óþarfi) þá væri það helst að fram skuli fara allsherjaratkvæðagreiðsla um kjarasamningana, sem standi í a.m.k. tvo daga, eða póstatkvæðagreiðsla meðal þeirra félagsmanna, sem samningurinn nær til. Í þannig atkvæðagreiðslu á meirihluti þeirra sem greiða atkvæði og taka afstöðu að ráða eins og í öllum öðrum almennum atkvæðagreiðslum.

4. Verkalýðsfélag Borgarness leggur til að 4. gr. frumvarpsins verði felld niður og 15. gr. laga um stéttarfélög og vinnudeilur standi óbreytt. Sá háttur sem hafður er á um boðun verkfalla hefur gefist vel og ekki er ástæða til að gera breytingar þar á.

5. Verkalýðsfélag Borgarness gerir ekki athugasemdir við þær greinar sem eru óbreyttar frá núgildandi lögum um sáttastörf í vinnudeilum. Við sjáum hinsvegar ekki nauðsynn þess að gera þau lög að hluta af lögum um stéttarfélög og vinnudeilur.

6. Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir að samningsaðilar geri viðræðuáætlun. Verkalýðsfélag Borgarness telur að slík viðræðuáætlun geti verið til bóta en telur ekki ástæðu að festa það í lög. Heppilegra er að samningsaðilar komi sér saman um vinnureglur og geri samning um það sín í milli.

7. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir auknu valdi sáttasemjara. Þetta á sérstaklega við um meðferð miðlunartillagna. Samkvæmt frumvarpinu hefur sáttasemjari ótakmarkað vald til að ákveða til hverra tillagan á að ná.

Ef honum sýnist svo getur hann látið tillöguna ná til allra sem eru með lausa samninga án tillits til þess hvort þeir eru aðilar að samningaviðræðunum eða ekki.

Með þessu getur sáttasemjari svipt félögin samningsréttinum með einhliða framsetningu miðlunartillögu. Í núgildandi lögum er sáttasemjara tryggð veruleg völd og er ekki sjáanleg ástæða til að auka þau.

8. Þau fjölmörgu afbrigði af atkvæðagreiðslum sem um er fjallað í frumvarpinu eru til þess fallin að valda ágreiningi um framkvæmd atkvæðagreiðslna. Með ákvæðum um lágmarkspátttöku er verið að færa völd frá þeim sem eru virkir í félögunum til þeirra sem óvirkir eru.

Það er líka lýðræðislegur réttur að taka ekki þátt í atkvæðagreiðslu eða að skila auðum atkvæðaseðli. Samkvæmt frumvarpinu er þessi réttur tekinn af

fólki með því að telja þögn sama og samþykki í atkvæðagreiðslu um kjarasamninga.

Verkalýðsfélag Borgarness ítrekar þá afstöðu að það á að vera meirihluti þeirra sem afstöðu taka í atkvæðagreiðslu sem ræður úrslitum. Allt valdboð um atkvæðagreiðslur, sem felur í sér að meirihluti þeirra sem þátt taka í atkvæðagreiðslunni ráði ekki úrslitum, er óásættanlegt og stangast á við allar lýðræðishefðir.

**Verkalýðsfélag Borgarness hafnar frumvarpinu í þeirri mynd sem það er og telur að það leiði ekki til aukins lýðræðis í verkalýðsfélögum eða auðveldi frjálsa samningagerð. Ef frumvarpið verður að lögum eru miklar líkur á því að það muni leiða til harðari og lengri átaka á Íslenskum vinnumarkaði.**

**Frumvarpið þarf að taka verulegum breytingum ef það á að verða viðunandi fyrir verkalýðshreyfinguna. Besti kosturinn er að það verði tekið af dagskrá og heildarsamtök samningsaðila fái að setja sér þær vinnureglur sem þeir telja til bóta.**

f.h. Verkalýðsfélags Borgarness



Baldur Jónsson

Samrit sent; öllum alþingismönnum  
Alþýðusambandi Íslands  
Verkamannasambandi Íslands  
Landssambandi Íslenskra verslunarmanna  
Landsambandi iðnverkafólks  
Samiðn, sambandi iðnfélaga.